

Fréttabréf Jötunheima

2. tbl. 10. árg.

júlí 2017



Sumarfrí

Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa frá og með 6. júlí. Við opnum aftur fimmtudaginn 10. ágúst kl. 7:45.

Við þökkum öllum kærlega fyrir skólaárið og hlökkum til að sjá ykkur aftur eftir sumarfrí.

Þeim börnum sem hefja grunnskólagöngu í haust og foreldrum þeirra þökkum við fyrir öll árin sem við höfum átt saman og óskum þeim góðs gengis á nýjum vettvangi.

Vorhátíð

Vorhátíð Jötunheima var haldin miðvikudaginn 28. júní. Boðið var upp á skúffuköku og kanilsnúða, djús og kaffi. Það var gaman að sjá hvað margir sáu sér fært að koma og njóta stundarinnar með börnunum. Kærar þakkir öll fyrir komuna.

Hjóladagar

Við höfum verið með tvo hjóladaga núna í vor þar sem börnin hafa komið með hjólin sín að heiman og hjólað á bílaplaninu. Þetta hefur gefist vel og allir haft gaman af.



Efnisyfirlit

Sumarfrí Jötunheima	bls. 1
Vorhátíð	bls. 1
Hjóladagar	bls. 1
Leikskólinn lokaður	bls. 1
Íþróttadagurinn	bls. 2
Skoppa og Skríttla.....	bls. 2
Breytingar í starfsmannahópnum	bls. 2
Útskrift	bls. 3
Útskriftarferð	bls. 3
Kynning og fræðsla frá iðjuþjálfum.....	bls. 4
Þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skólastiga.....	bls. 4
Styrkur frá Sprotasjóði.....	bls. 4
Fundargerð foreldraráðs	bls. 5

Leikskólinn lokaður 17. ágúst

Fimmtudaginn 17. ágúst verður leikskólinn lokaður vegna skipulagsdags. Þennan dag notar starfsfólk leikskólans til að skipuleggja vetrarstarfið, vinna að starfsáætlun skólaársins 2017 – 2018 og hlusta á fyrirlestra.

Íþróttadagur í Jötunheimum

Þann 19.maí var árlegur íþróttadagur hér í Jötunheimum en hann markar lok skipulagðrar íþróttakennslu vor hvert. Við gengum saman upp á íþróttavöll og fórum þar í alls kyns leiki, æfingar og þrautir, borðuðum nesti og nutum útiverunnar í einstakri veðurbliðu. Stórir sem smáir stóðu sig eins og sannar hetjur og allir virtust hafa reglulega gaman af.




Breytingar í starfsmannahópnum

Nú á vordögum hættu Þuríður og Jenny Hildur að vinna hjá okkur. Um sumarfrí kveðjum við Katrínu Þorvaldsdóttur sem hefur verið í fæðingarorlofi, Katrínu Ósk, Huldu Dís og Hildi Ýri. Við óskum þeim góðs gengis á nýjum vettvangi.

Nýtt starfsfólk bættist í hópinn eftir sumarfrí og verður það kynnt til sögunnar í ágúst.

Skoppa og Skríttla

Föstudaginn 16. júní komu Skoppa og Skríttla í heimsókn og skemmtu börnunum í salnum. Myndir frá viðburðinum má sjá á heimasíðu leikskólans. Það var foreldrafélag Jötunheima sem bauð börnunum upp á þennan skemmtilega viðburð og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir.



Útskrift

Þriðjudaginn 30. maí voru elstu nemendur leikskólans útskrifaðir. Þetta árið voru 40 nemendur sem luku skólagöngu hjá okkur. Útskriftin fór fram í Fjallasal Sunnulækjarskóla og að athöfn lokinni var boðið upp á notalega samveru og veitingar.



Útskriftarferð að Öndverðarnesi 24. maí 2017

Miðvikudaginn 24. maí lögðu 40 nemendur og 8 kennarar af stað í ferðalag frá Jötunheimum kl. 9.00. Fyrst var farið að Kolgrafarhól og gengið upp á hann. Allir stóðu sig eins og hetjur og fóru alla leið á toppinn.

Eftir gönguna var farið að Öndverðarnesi þar sem þurý tók á móti hópnum. Á svæðinu er fótboltavöllur, púttvöllur, körfuboltaspjald og leikvöllur þannig að allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi í leik.

Í öllum ferðum er nauðsynlegt að vera með gott nesti og var því gerð góð skil.

Mjög gott veður var í ferðinni og allir nutu þess að leika úti. Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem komu í Jötunheima um kl. 15:30. Snilldar ferð ☺



Kynning og fræðsla frá iðjupjálfum

Þriðjudaginn 13. júní komu Bjarnfríður Laufey, iðjupjálfi og Guðrún Edda, iðjupjálfanemi, með kynningarfund og fræðslu fyrir foreldra elstu barnanna. Efni fundarins var um hvað ber að hafa í huga við val á skólatösku fyrir barnið. Almenn ánægja var með kynninguna og gaman væri að vera í áframhaldandi samstarfi við iðjupjálfa um þetta efni.

Skólataskan og barnið



Þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skólastiga

Í vetur hafa allir leik- og grunnskólarnir í Árborg ásamt FSU unnið saman í þróunarverkefninu Námsmat á mörkum skólastiga. Unnið er að lokaskýrslu sem verður birt í haust. Við í Jötunheimum erum þess fullviss að þetta þróunarverkefni hafi gagnast okkur vel. Það hefur opnað á umræður um innviði skólans, breytingar á þeim og aukið samvinnu kennara þvert á deildir sem styrkir okkur í starfi og eykur fagmennsku kennara. Við lögðum áherslu á að allir kennarar gætu á starfsdögum verið þátttakendur í þróunarverkefninu og hluti af teyminum. Það er mikill kraftur í kennarahópnum og við ætlum ótrauð að halda áfram að gera enn betur. Við viljum meina að þetta þróunarverkefni hafi verið lærdómsríkt og gott veganesti fyrir framtíð okkar.

Styrkur frá Sprotasjóði

Jötunheimar sóttu um styrk til Sprotasjóðs fyrir skólaárið 2017-2018 vegna þróunarverkefnisins „Við erum eins og samfélag“ – Uppbygging lærdómssamfélags í Jötunheimum. Samþykkt var að veita okkur styrk að upphæð kr. 2.000.000.- Markmið þessa verkefnis er að auka fagmennsku kennara, styrkja starfsaðferðir kennara og efla skólamenningu Jötunheima. Í haust munum við kynna þróunarverkefnið enn frekar á heimasíðu Jötunheima.

Fundargerð foreldraráðs Jötunheima

Fundur foreldraráðs þriðjudaginn 4. júlí 2017 kl. 20:00

Mættar: Guðrún Hrafnhildur, Júlíana leikskólastjóri, Guðný aðstoðarleikskólastjóri og Hugrún sem ritaði fundargerð. Sif boðaði forföll.

- Farið yfir starfsskýrslu fyrir skólaárið 2016-2017
 - Foreldraráð samþykkir skýrsluna.
- Farið yfir niðurstöður úr foreldrakönnun og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2016-2017. Mikilvægt er m.a. að gera starfið ennþá sýnilegra, að allir séu þátttakendur og koma upplýsingum á framfæri.
- Skýrsla frá Aberdeen kynnt.
- Starfsmannamál næsta skólaárs rædd. Fjórir starfsmenn sem detta út og fjórir sem koma inn í staðinn. Tvær að koma inn úr fæðingarorlofi.
- Skóladagatal fyrir 2017-2018 kynnt og farið yfir nýjungar og annað.
 - Leikskólakennarar frá Slóveníu að koma í heimsókn í apríl.
- Þróunarverkefni komið í skipulag fyrir næsta skólaár.
- Annað:
 - Væri gott að hafa meira samstarf milli foreldraráðs og foreldrafélags næsta skólaár
 - Leikskólastjórar í Árborg voru að klára áfalla- og slysaáætlun leikskóla í Árborg sem er staðfærð fyrir hvern leikskóla fyrir sig. Verður gerð aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Ekki var fleira rætt að sinni og var fundi slitið kl.21:00

Fyrir hönd foreldraráðs

Hugrún Vignisdóttir, ritari.